

## 2001 nr. 43 19. maí

### Lög um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn

Tóku gildi 1. júlí 2002. *Breytt með:* L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr. *Gildissvið.*

□ Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slískar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

□ Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send [ráðherra]<sup>1)</sup> sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstóllinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 323. gr.

#### ■ 2. gr. *Afhending manns til dómstólsins.*

□ Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkan glæp.

□ Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 167. gr.

#### ■ 3. gr. *Önnur aðstoð.*

□ Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.

□ Að beiðni dómstólsins er [ráðherra]<sup>1)</sup> heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi. Um meðferð slíksra beiðna og framkvæmd aðgerða fer eftir lögum um meðferð [sakamála].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 167. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 4. gr. *Beiting þvingunarráðstafana.*

□ Að beiðni dómstólsins er heimilt að handtaka mann og beita öðrum þvingunarráðstöfunum. Um meðferð slíksra beiðna fer eftir lögum um meðferð [sakamála].<sup>1)</sup>

□ Ef lög gera það að skilyrði fyrir beitingu þvingunarráðstafana að fyrir liggi rökstuddur grunur um refsivert brot skal leggja til grundvallar niðurstöðu dómstólsins um það atriði.

□ Maður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald skv. 1. mgr. getur gert kröfu um að hann skuli leystur úr gæsluvarðhaldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Krafa þess efnis skal borin fram við heraðsdóm.

□ Við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. þar til afhending fer fram skal dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktarinnar. Áður en heraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar skal tilkynning um meðferð kröfunar fyrir heraðsdómi send dómstólnum og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 5. gr. *Verjandi sakbornings.*

□ Maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Skal honum tilkynnt um þennan rétt.

□ Póknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðin samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 6. gr. *Réttargæslumaður brotabola.*

□ Brotaboli í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins getur óskad eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á lískama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns.

□ Ákvæði [V. kafla laga um meðferð sakamála]<sup>1)</sup> skulu gilda eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 7. gr. *Ne bis in idem.*

□ Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem dómur hefur fallið um hjá dómstólnum.

#### ■ 8. gr. *Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.*

□ Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

□ Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar.

#### ■ 9. gr. *Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.*

□ Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

#### ■ 10. gr. *Reglugerðarheimild.*

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstóllinn.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 167. gr.

#### ■ 11. gr. *Gildistaka.*

□ Ákvæði laga þessara takar gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.